

Fundargerð

Aðalfundur Skólaskrifstofu Austurlands haldinn í Safnaðarheimili Reyðarfjarðarkirkju, 15. október 2007. Fundurinn hófst kl. 15:00.

Eftirtaldir voru mættir fyrir hönd aðildarsveitarfélaganna:

Fjarðabyggð	Gunnlaugur Sverrisson
Fljótshérað	Þráinn Lárusson
Djúpavogshreppur	Halldóra Dröfn Hafþórsdóttir
Vopnafjarðarhreppur	Einar B. Kristbergsson
Seyðisfjarðarkaupstaður	Elfa Rúnarsdóttir
Fljótshreppur	Úlfar Trausti Þórðarson
Breiðdalshreppur	Svanhvít Aradóttir var með umboð fyrir Breiðdalshrepp

Einnig sat fundinn Sigurbjörn Marinósson forstöðumaður Skólaskrifstofu Austurlands.

1. **Setning.**

Formaður, Svanhvít Aradóttir setti fund og bauð fundarmenn velkomna.

2. **Kosning fundarstjóra og fundarritara.**

Svanhvít Aradóttir var kosin fundarstjóri og Halldóra Dröfn var kosin fundarritari.

3. **Skýrsla stjórnar.**

Svanhvít flutti skýrslu stjórnar.

4. **Ársreikningur 2006.**

Sigurbjörn fór yfir ársreikningana fyrir árið 2006.

Rekstrartekjur ársins voru: 44.938.350,- Tap var á rekstri skrifstofunnar, 2.460.607,- en í áætlun var gert ráð fyrir tapi upp á kr. 4.800.000,-. Samkvæmt ársreikningi eru eignir alls 18.609.332,- Handbært fé er 13.641.457,- og hrein eign skrifstofunnar er 4.802.295,-

Úlfar kom með fyrirspurn varðandi lífeyrisskuldbindingar og fór Sigurbjörn yfir það af hverju þyrfti að bóka það sérstaklega á skrifstofuna. Þá spurði Úlfar um framlög sveitarfélaganna og útskýrði Sigurbjörn það einnig.

Sigurbjörn talaði um að oft væri erfitt að gera fjárhagsáætlanir svona snemma á árinu.

Úlfar spurði um vöntun á sálfræðingi. Sigurbjörn talaði um að það væri í raun frá 1. ágúst sem hann hefði haft heimild. Hann hefði auglýst töluvert en ekki fengið svör.

5. **Fjárhagsáætlun fyrir 2008.**

Sigurbjörn kynnti áætlunina. Tekjur verði örlítið hærri en í síðustu áætlun. Gjöld hækki um 2%. Gert ráð fyrir að tekjur verði: 47.980.605,- gjöld verði 52.580.695,- Rekstarhalli 4.600.000,- Greiðist úr sjóði.

Úlfar spurði um rekstrartapið. Sigurbjörn útskýrði hvernig þetta væri hugsað, að við hefðum sjóð til að taka úr.

Rætt var um að kjarasamningar kennara gætu sett strik í reikninginn, þar sem þeir verða lausir á næsta ári.

Svanhvít bar upp fjárhagsáætlunina til samþykktar. Var hún samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

6. **Kosningar.**

Svanhvít Aradóttir, Fjarðabyggð var kjörin formaður.

Aðrir stjórnarmenn:

Práinn Lárusson	Fljótsdalshéraði
Elfa Rúnarsdóttir	Seyðisfjarðarkaupstað
Einar B. Kristbergsson	Vopnafjarðarhreppi
Halldóra D. Hafþórsdóttir	Djúpavogshreppi

Til vara:

Jósef Friðriksson	Fjarðabyggð
Þorbjörn Rúnarsson	Fljótsdalshéraði
Páll Baldursson	Breiðdalshreppi
Gunnþórunn Ingólfssdóttir	Fljótsdalshreppi
Margrét Hjarðar	Borgarfjarðarhreppi

Áðurtaldir stjórnarmenn kosnir einróma.

Skoðunarmenn reikninga voru kjörnir:

Þóroddur Helgason og Kristinn Briem frá Fjarðabyggð.

Varamenn:

Sigurlaug Jónasdóttir Fljótsdalshéraði og Andrea Borgþórsdóttir Fjarðabyggð.

7. **Önnur mál.**

Sigurbjörn þakkaði stjórninni fyrir mjög gott starfsár. Hann talaði um að það væri styrkur fyrir Skólaskrifstofuna að hafa gott bakland. Hann talaði um stóra samstarfsverkefnið sem heilsugæsla, félagsþjónusta og fleiri ætluðu að koma á laggirnar varðandi umönnun barna í fjórðungnum.

Stjórnarmenn þökkuðu hlý orð í þeirra garð.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið kl.15:55

Halldóra Dröfn Hafþórsdóttir fundarritari.